

**Ed.**

**312. Nefndarálit**

**[131. mál]**

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 27. febr. 1976, um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110 30. des. 1978.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur tekið frumvarp þetta til athugunar. Nefndin hefur ekki orðið sammála. Við í 2. minni hl. nefndarinnar leggjum til að frumvarpið verði fellt.

Við minnum á, að flugvallagjaldið var lagt á árið 1975 við sérstakar tímabundnar aðstæður. Viðtækar og margháttaðar efnahagsráðstafanir voru gerðar í sambandi við gengisbreytingu í febrúar það ár. Til þess að mæta kostnaðaráhrifum gengisbreytingarinnar var tekjuskattur einstaklinga og útsvar lækkað, afnumdir tollar af tilteknum vörum og hækkaður eða felldur niður söluskattur af einstökum matvörum eða matvöruflokkum. Tekjumissi ríkissjóðs vegna þessara aðgerða var mætt með hækkun ríkisútgjalda, skyldusparnaði og flugvallagjaldi.

Þannig var flugvallagjaldið til komið. Það var ekki gert ráð fyrir að það yrði til frambúðar og síst af öllu að það yrði aukið samhliða almennri skattahækkun svo sem þeirri er nú gengur yfir.

Auk þess viljum við leggja áherslu á, að flugvallagjald, sem greiðist af flutningi farþega innanlands, er fyrst og fremst skattur á fólkið í strjálbýli landsins. Það fólk verður að sækja til höfuðborgarinnar hina margháttaðu þjónustu, sem ekki er annars staðar að hafa, og er í síauknum mæli háð flugsamgöngum í því efni. Flugvallagjaldið er því ranglátur skattur og eykur enn á misrétti það sem landsbyggðafólkið þarf við að búa.

Alþingi, 14. apríl 1980.

Þorv. Garðar Kristjánsson,

frsm.

Lárus Jónsson.

Sigurlaug Bjarnadóttir.